

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjúkrasjóðinn „Svavars minning“ **11**
 í Ólafsfirði, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 16. 16. marz
 marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjúkrasjóðinn Svavars minning í Ólafsfirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sjúkrasjóðurinn Svavars minning“ Ólafsfirði.

2. gr.

Sjóður þessi er til orðinn af söfnun og gjöfum hjónanna Svanhildar Jörundsdóttur og Páls Bergssonar á árunum 1900—1920, og ber nafn sonar þeirra látins, Svavars Pálssonar cand. merc., f. 6. apríl 1898, d. 9. maí 1920.

3. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð 2559 kr. 27 aurar. Tekjur hans eru $\frac{1}{3}$ vaxta af innstæðu og gjafir eða samkomuágóði, sem honum kunna síðar til að falla.

4. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða. Sé hann ætíð ávaxtaður með beztu fánlegum innlánskjörum í sparisjóði Ólafsfjarðar eða öðrum tryggjum sjóði.

5. gr.

Einn þriðji hluti vaxtanna leggst ætíð við sjóðinn. Auk þess leggst hinn hluti vaxtanna við innstæðuna, þau ár sem stjórn sjóðsins sér ekki ástæður til styrksúthlutunar samkvæmt 6. gr.

6. gr.

Tveim þriðju vaxta sjóðsins má árlega verja til styrktar efnalittlum mönnum búsettum í Ólafsfirði, einum eða fleiri er það ár hafa orðið fyrir sjúkdómskostnaði — sjúkrahúsvist, atvinnumissi við sóttkvíun eða hverskonar öðrum áföllum er af vanheilsu leiðir. Þeir er ekki njóta sveitarstyrks eða annarar opinberrar hjálpar ganga fyrir hinum að rétti til styrksins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hreppstjóri Ólafsfjarðarhrepps og hreppsnefndaroddviti. Þriðji maður í stjórn er annarhvor stofnenda meðan þeirra nýtur við, en síðan skal þriðji maður kosinn af almennum hreppsfundi í Ólafsfirði. Á sama hátt má kjósa þriðja mann ef svo stendur á að hreppstjóri og hreppsnefndaroddviti eru sami maður.

11

16. marz

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók er í skulu bókaðar ákvarðanir hennar um styrkúthlutun og annað er sjóðinn varðar. Þar skulu og bókaðar kvittanir styrkþega. Reikningur sjóðsins skal árlega færður í gerðabókina og auglýstur almenningi á hreppsfundum.

Með framanrituðum skilyrðum afhendum við sjóð þenna til eignar Ólafs-fjarðarhreppi, og skal leita kgl. staðfestingar á reglugerð þessari.

p.t. Ólafsfirði 20. janúar 1933.

Páll Bergsson. Svanhildur Jörundsdóttir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „1930 minningarsjóð Austfirðinga vestanhafs“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra 16. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

12

16. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „1930 minningarsjóð Austfirðinga vestan hafs“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „1930 minningarsjóður Austfirðinga vestan hafs“, og er stofnaður á 1000 ára afmæli alþingis 1930.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 5740.00 — fimm þúsund sjö hundruð og fjörutíu krónur.

Stofnendur sjóðsins eru Austfirðingar búsettir í Vesturheimi.

2. gr.

Sjóðurinn er af gefendunum afhentur húsmæðraskólanum á Hallormsstað til fullrar og ótakmarkaðrar eignar og umráða.

Sjóðurinn er afhentur þannig:

Kr. 5640,00 eru afhentar í peningum, og kr. 100,00 eru afhentar í hlutabréfum Eimskipafélags Íslands.

Næstu 100 ár skal $\frac{1}{3}$ vaxtanna árlega lagður við höfuðstólinn. Má ekki skerða höfuðstólinn þann tíma.

Að 100 árum liðnum skal skipulagsskráin endurskoðuð og þá ákveðin meðferð höfuðstóls og vaxta eftir því sem hentast þykir. Sjá þó 3. gr.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt starfa sem styrktarsjóður nemenda við húsmæðraskólann á Hallormsstað. Skal árlega úthluta $\frac{2}{3}$ vaxtanna til styrktarstarfsemi í næstu 100 ár. Sjá 2. gr.